



Seljavegur 10 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. september 2023 var lögð fram fyrirspurn Freyju Rósar Óskarsdóttur, ásamt bréfi dags. 27. ágúst 2023, um breytingu á deiliskipulagi reits 1.133.1, Landhelgisgæslureits, vegna lóðarinnar nr. 10 við Seljaveg sem felst í að heimilt verði að koma fyrir innkeyrslu og bílastæði á lóð, samkvæmt skissu á yfirlitsmynd. Fyrirspurninni var vísað til meðferðar hjá verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd af ja.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin við Seljaveg 10 borgarhluta 01 Vesturbær og er hluti af íbúðarsvæði ÍB1 Framnes.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Seljaveg 10, samþykkt í borgarráði 24. janúar 1984 með síðari breytingum.

Fyrirspurn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að bílastæði innan lóðar verði fest í deiliskipulag og að viðeigandi merkingar verði gerðar m.a. að kanturinn verði málaður gulur, svo að hægt sé að nýta innkeyrsluna.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 10 við Seljaveg er einbýlishús, einlyft timburhús með risi og steyptum kjallara, klætt með bárujárni, byggt 1944 skv. fasteignaskrá. Samþykktur er uppdráttur að bílskúr frá 10. apríl 1945 en hann aldrei verið byggður aðeins grunnurinn verið steyptur og gerð innkeyrsla á lóðinni með hliði. Gangstéttkanturinn við innkeyrsluna er lækkaður en þar sem að innkeyrslan/bílastæðið sjálft innan lóðar hefur aldrei verið fest inn í deiliskipulag hefur kanturinn ekki verið málaður gulur.

Ef undan er skilinn Drafnarsteinsreiturrinn, þá heyrir það til undantekninga að bílastæði séu á yfirborði innan lóða, og möguleg innkeyrsla setur kvöð um að ekki sé lagt í bílastæði sem í dag er við Seljaveg. Að því sögðu ber eignin það að vera með bílastæði innan lóðar á því svæði þar sem samþykktur var bílskúr 1945.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að umsækjandi láti gera breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Katrín Eir Kjartansdóttir, verkefnastjóri